

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	13. janúar 2022	Tími:	12:00 – 13:20
Fundarstaður:	TEAMS			
Fundarstjóri:	KS			
Ritari:	SJ			
Á fundinn mættu:	Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Bergþóra Þorkelsdóttir (BÞ), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Gylfi Ólafsson (GÓ), Harpa Þórsdóttir (HÞ), Kristján Sverrisson (KS), Steinn Jóhannsson (SJ) og Dagrún Hálfaldánardóttir, framkvæmdastjóri félagsins.			
Fjarverandi:				

Fundargerð stjórnarfundar FFR 13. janúar 2022

1. Fundargerð 2. desember 2021

Fundargerð stjórnarfundar 2. desember 2021 samþykkt.

2. Beiðni félagsmanns um viðbótarstyrk

Beiðni félagsmanns um viðbótarstyrk upp á rúmar 500.000 kr. vegna rekstar stjórnsýslumáls rædd. Stjórn hefur þegar samþykkt að veita viðkomandi félagsmanni fjárstyrk vegna sama máls með vísan til greinar 7.5. í starfsreglum stjórnar, en þar segir:

Hámarksstyrkur vegna reksturs stjórnsýslumáls er greiðsla fyrir 10 klukkustunda vinnu sérfræðings, s.s. lögræðings, en þó aldei hærri en samtals 400 þúsund krónur. Stjórn skal setja það skilyrði fyrir samþykki fjárstyrks að viðkomandi upplýsi stjórn um stöðu málsins hverju sinni, málalýktir og að stjórn fái afrit af niðurstöðu máls.

Niðurstaða stjórnar var að 10 klukkustunda vinna lögmans, eða 400.000 kr., ætti að ná yfir þann kostnað sem ráðgjöf/vinna vegna máls af því tagi sem hér um ræðir felur í sér. Jafnframt taldi stjórn að grein 7.7. í starfsreglum stjórnar sem heimilar samþykki viðbótarstyrks í tilteknum tilvikum, ekki eiga við um málið. Var beiðninni hafnað.

3. Úttekt sérfræðings í kjölfar álita umboðsmanns Alþingis

Stjórn FFR á von á að fá úttekt sérfræðings í næstu viku.

4. Kostnaður vegna málareksturs. Staða máls

Kostnaður vegna málareksturs félagsmanns hefur náð þeirri upphæð sem starfsreglur stjórnar gera ráð fyrir. Útséð er að kostnaður vegna málsins verður hærri ef klára á málið fyrir dómstólum. Ákveðið að benda viðkomandi félagsmanni á þann kost að sækja um viðbótarstyrk skv. grein 7.7. í starfsreglum.

5. Bréf samtakanna Frelsi og ábyrgð

Bréf frá samtökunum Frelsi og ábyrgð hafa borist til ýmissa stofnana, t.d. einhverra skóla. Lögmaðurinn sem er í fyrirsvari fyrir samtökin fer mikinn fyrir hönd samtakanna og reynir að varpa ábyrgð á bólusetningum barna yfir á opinbera starfsmenn og þ.m.t. forstöðumenn. Efni bréfsins rætt en ekki talið tilefni til að bregðast við.

6. Önnur mál

a. *Ímynd ríkisstofnana. Framhald frá síðasta fundi.*

KS ræddi við formann formann BHM, um hvort félögin gætu tekið höndum saman í að auka við það sem BHM og BSRB hafa verið að gera varðandi bættu ímynd opinberra starfa. Ætla að reyna að koma á fundi fljótlega vegna þessa.

b. *Störf án staðsetningar. Framhald frá síðasta fundi.*

Rætt á síðasta samráðsfundi með KMR og óskað eftir upplýsingum þaðan um gögn varðandi framkvæmdina á Norðurlöndunum sem lögð voru til grundvallar þegar síðustu launaviðmiðin voru lögð fram hér á landi. KS óskar eftir að aðrir stjórnarmenn, ef þeir eru í samskiptum við kollega, kalli eftir upplýsingum um þeirra kerfi varðandi launaákvarðanir.